



UMHVERFISSTOFNUN

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull



Meningarminjar

Viðauki VI með verndaráætlun





Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull.

Umfjöllun um menningarminjar vegna verndaráætlunar 2010-2020.

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Sími: 591 2000
Símbref: 591 2020

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull
Klettsbúð 7
360 Snæfellsbær
Sími: 436 6860
Símbref: 436 6861

Texti: Margrét Valdimarsdóttir, Bjarni F. Einarsson og Helgi Þorláksson.
Yfirllestur og ábendingar: Kristinn Magnússon og Kristín H. Sigurðardóttir.
Forsíðumynd: Í Einarlóni – Margrét Valdimarsdóttir

© Umhverfisstofnun, Reykjavík, 2010

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Formáli.....	4
1 Útdráttur úr fornleifaskrá fyrirhugaðs þjóðgarðs á utanverðu Snæfellsnesi.....	5
1.1 Aðferðir við skráningu.....	5
1.2 Einstök stærri rústasvæði.....	5
Írskubúðir/Gerðuberg (Nr. 1).....	6
Gufuskálar (Nr. 2).....	6
Öndverðarnes (Nr. 4).....	6
Saxhóll (Nr. 22).....	6
Beruvíkurbæirnir (Nr. 29-30, 32-33).....	7
1.3 Önnur minni rústasvæði.....	7
Forni Saxhóll (Nr. 15).....	7
Seljarústir við Selvörðu (Nr. 13).....	7
Selín í Saxhólsdal (Nr. 17 og 18).....	7
Fjárbyrgin og bólin í hrauninu við Litla Saxhól (Nr. 27).....	7
Nátthagi við Saxhól (Nr. 28).....	8
Nátthagi við Nýjubúð (Nr. 34).....	8
1.4 Einstakar rústir.....	8
Við Skarðsvík (Nr. 3, 5 og 6).....	8
Brugghellir (Nr. 7).....	8
Skeiðsandsrétt (Nr. 21).....	8
Á Sauðhól (Nr. 24, 25 og 26).....	8
2 Lokaorð og samantekt.....	8
3 Um sögukafla fyrir verndaráætlun.....	10
3.1 Inngangur.....	10
3.2 Atriði sem þyrfti að kanna í sögukafla.....	11
3.3 Merkar minjar og áhugaverð svæði. Hugleiðingar um verndun og varðveislustefnu.....	14
4 Verndargildi.....	18
5 Heimildir.....	19

Formáli

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður sumarið 2001. Tilgangur þjóðgarðs er fyrst og fremst að tryggja verndun náttúru- og menningararfs þjóða, að veita almenningi aðgang að þessum arfi og fræða gesti og aðra um þau verðmæti náttúru og sögu sem á svæðinu má finna. Til þess að ná þessu markmiði þarf stjórnun þjóðgarðsins að byggja á bestu fánlegu þekkingu, bæði á þeim verðmætum sem fyrir eru og á áhrifum umferðar um svæðið.

Í tilefni af gerð verndaráætlunarinnar hefði verið æskilegt að ráða sérfræðing til þess að vinna ítarlegan kafla um sögu og minjar þjóðgarðsins. Að þessu sinni var ekki fjármagn til þess. Takmarkast umfjöllunin því að mestu við samantekt sem unnin var árið 1996 þegar unnið var að undirbúningi að stofnun þjóðgarðsins. Umfjöllun um fornminjar byggist á greinargerð Bjarna F. Einarssonar fornleifafræðings frá árinu 1996 þegar fornleifaskráning fór fram á svæðinu og er nánast útdráttur úr greinargerð Bjarna.¹ Takmarkast umfjöllunin að mestu leiti við norðanvert svæðið, frá og með Beruvík. Skráning minja þar fyrir sunnan var gerð árið 1997. Helgi Þorláksson prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands gerði samantekt um sögukafla í verndaráætlun þar sem hann tekur saman hvaða þætti beri að hafa í huga við slíka samantekt og hverjar séu helstu heimildir.²

Skipta má heimildum um menningarverðmæti í þjóðgarðinum í þrennt. Í fyrsta lagi ritaðar heimildir af ýmsu tagi, s.s. Jarðbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og Sýslu- og sóknarlýsingar. Í öðru lagi ummerki í landinu eftir búsetu og staðbundnar minjar og rannsóknir á þeim. Að síðustu sagnir og upplýsingar sem varðveittar eru í munnlegri geymd, t.d. ýmsar frásagnir og örnefni. Þessar þrjár mismunandi gerðir af menningarverðmætum eru misförgengilegar. Mesta hættan er á því að upplýsingar sem varðveitast í munnlegri geymd, t.d. fyrrum ábúenda, glatist. Þó minjar séu oft best varðveittar undir grænni torfu geta þær einnig glatast ef staðsetning þeirra er ekki þekkt. Að sama skapi geta þær horfið, t.d. þjóðleiðir sem ekki eru notaðar.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að tryggja að hægt sé að halda fornleifunum í góðu ástandi og gera þær aðgengilegar ferðamönnum og öðrum gestum þjóðgarðsins. Til að svo megi verða þarf að gera áætlanir um markmið og leiðir svo sem áætlun um viðhald og varðveislu og ákveða umgengisreglur.³

Hér á eftir fer útdráttur úr fornleifaskránni sem Bjarni F. Einarsson tók saman og samantekt Helga Þorlákssonar um sögukafla fyrir verndaráætlun.

¹ Bjarni F. Einarsson, 1996.

² Helgi Þorláksson, 1997.

³ Bjarni F. Einarsson, 1996.

1 Útdráttur úr fornleifaskrá fyrirhugaðs Þjóðgarðs á utanverðu Snæfellsnesi.

Bráðabirgðaskrá. Bjarni F. Einarsson skráði upphaflega textann.

1.1 Aðferðir við skráningu

Við undirbúning að stofnun þjóðgarðsins var unnið að fornleifaskráningu. Skráningin var gerð á árunum 1996 – 1997 og sá Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur um hana.

Sökum þess hve undirbúningstími var skammur leitaði Bjarni til staðkunnugra samhliða skráningunni. Helstu ritheimildir voru kannaðar samhliða skráningunni og gögn færð inn þegar tími og aðstæður leyfðu. Eins voru teikningar hreinteiknaðar þegar aðstæður voru ekki fýsilegar til beinnar skráningar.

Notað var Garmin 45 GPS (ver. 2.43) staðsetningartæki en skekkjumörk þess voru yfirleitt á bilinu 20 - 30 metrar. Þegar rústir nálægt sjónum voru skráðar eru slík skekkjumörk óviðunandi þar sem svo augljóslega var um frávik að ræða og hið mannlega auga komst mun nær hinu rétta. Var því öllum hæðartölum sleppt. Teknar voru litskyggnur af rústunum og yfirleitt einungis ein af hverri.

Í lýsingum voru 12 áttir notaðar skv. áttavita. Voru þær N, NNA, ANA, A, o.s.frv. Rústir voru mældar með því að stika (skrefa) þær og því sýna teikningar aðeins helstu form rústanna og hlutföll þeirra nokkurn veginn. Öllum smáatriðum var sleppt. Allar frumteikningar voru hreinteiknaðar á sérstakan teiknipappír. Hreinteikningarnar voru síðan skannaðar inn og færðar inn í gagnagrunninn.

Rústir eða rústasvæði voru merkt inn á loftmynd í mælikvarðanum 1:20 000 og merkt inn á stafrænt kort. Við Beruvík voru fornleifar færðar inn á loftmyndir í mælikvarðanum 1:20 000 og mælikvarðanum 1:10 000. Reyndist mælikvarðinn 1:20 000 vera of grófur til að koma að gagni þar sem fornleifar voru hvað flestar og þéttastar.

Aðalfornleifaskráin er geymd á Þjóðminjasafni en einfölduð útskrift af aðalskrá (án ljósmynda) er í eigu þjóðgarðsins. Einnig er til svokölluð þjónustuskrá, en hún er sérstaklega gerð með umhverfismat í huga eða þegar framkvæmdaraðilar þurfa á álit minjavörslunnar að halda vegna fyrirhugaðra framkvæmda á minjastöðum. Sérstökum reit hefur verið bætt við þá skrá sem heitir álitsgerð. Þar kemur fram álit minjavörslunnar á því hvort og hvernig eigi að standa að málum þegar framkvæmdir eru í deiglu sem getu ógnað tilvist einstakra fornleifa. Öll frumgögn eru geymd á Þjóðminjasafni Íslands.

1.2 Einstök stærri rústasvæði

Mun fleiri rústir voru við hvert býli en reiknað var með þegar skráningin var ákveðin. Sennilega er skýringin fólgin í því að tiltölulega langt er síðan flest býlin fóru í eyði svo að nútíminn náði ekki að afmá spor fortíðarinnar í sama mæli og hann hefur gert annarsstaðar þar sem byggð hefur haldist fram á þennan dag. Því eru eldri húsabrot og gamlar tóttir enn ofanjarðar, en ekki undir ruðningi sem ýtur og aðrar stórtækar vélar ruddu svo árangursríkt yfir víðsvegar úti um landið til að auðvelda mönnum tilveruna.

Einnig kemur til að grjót var eitt aðal byggingarefni svæðisins, og veggir hlaðnir úr því falla síður saman en torfveggir eða veggir úr torfi og grjóti. Þeirra sér með öðrum orðum lengur merki en ella. Og einnig má benda á að jarðvegsþykknun er lítil á svæðinu og víða stutt niður á fast, en það hjálpar til við að halda rústum lengi sýnilegum. Uppblástur vegur sumstaðar á móti þessu, sérstaklega þar sem sandur fýkur mikið til.

Líkurnar á því að finna verulega forn mannvirki eru því meiri hér en þar sem byggð hefur haldist fram á þennan dag.

Nokkrar tegundir rústa eru nýmæli fyrir Bjarna sem sá um skráninguna svo sem hinar frjósömu hvílfúr eða bollar í hrauninu við Beruvíkina, þar sem gras hefur trúlega verið slegið og skepnur hafðar á beit. Einna helst mætti kalla þessar minjar nátthaga.

Eru bollarnir umgirtir gördum og sumir þeirra eru hólfaðir niður. Bjarni hefur ekki séð slíkar minjar annarsstaðar. Kallast slíkir bollar brisir af sumum heimamönnum. Fiskbyrgin við Gufuskála eru alls ekkert einsdæmi á þessum slóðum, nema vegna fjölda þeirra. Má segja að þar sem apalhraun er nærri bæjum eða útræði, þar sé fiskbyrgi að finna.

Írskubúðir/Gerðuberg (Nr. 1)

Við Írskubúðir/Gerðuberg (framvegis kallaðar Írskubúðir) voru 17 rústir skráðar og þar af eru 11 rústir eða fornleifar vafalaust frá upphafi byggðar í landinu. Örnefnið Írskubúðir kemur fyrst fram hjá Jónasi Hallgrímssyni⁴ og vel getur verið að hann hafi tengt rústinar við Írskrabrunn. Rústanna er ekki getið í öðrum rituðum heimildum eldri Jónasi.

Mikilvægi rústasvæðisins við Írskubúðir felst meðal annars í því að þar virðast öll hús vera varðveitt, skáli, fjós, smiðja og önnur þau hús sem þurfa þótti. Hóll sá er heitir Hákonarhóll (stundum Hákonarhaugur), rúma 150 m NNV frá meintu fjósi Írskubúða, er að mati Bjarna kuml en ekki dys, enda munnmælin um Hákon þennan þjóðsagnakennd og mótsagnakennd. Í sama streng tekur Brynjúlfur Jónsson frá Minna-Núpi í grein sem hann birti í árbók Hins íslenska fornleifafélags 1900 (sjá tilvísun í fornleifaskrá).

Áhugi Bjarna, og heimamanna, vaknaði á því að kanna þessar minjar nánar og úr urðu prufurannsóknir, sem fram fóru dagana 14. -15. september 1996 að fengnu leyfi fornleifanefndar (nú Fornleifaverndar ríkisins). Rannsóknirnar voru samvinnuverkefni Bjarna og Snæfellsbæjar og kostaði bærinn alfarið rannsóknirnar. Rannsakaðar voru 3 rústir með það fyrir augum að ná sýnum til C-14 aldursgreininga (geislakolsgreiningar) og að auki var þess freistað að staðfesta hvort Hákonarhóll væri kuml, en ekki dys.

Niðurstöður benda sterkt til þess að bærinn sé frá 10. öld og Hákonarhóll sé kuml frá sama tíma, en ekki dys frá seinni tímum (sjá tilvísun í fornleifaskrá).

Gufuskálar (Nr. 2)

Gufuskálasvæðið var skráð sem ein heild. Á svæðinu eru yfir 200 rústir (skv. nýlegri talningu Lionsmanna á Hellissandi og Lúðvíki Kristjánssyni 1934, sjá tilvísun í fornleifaskrá) og því augljóst að skráning einstakra rústa svæðisins er æði tímafrek iðja. Einnig kemur til að margar rústinar, sérstaklega fiskbyrgin, eru á mjög óaðgengilegum stöðum úti í úfnu hrauni og þær eru svo dreifðar um tiltölulega stórt svæði að skráning þeirra er tímafrekari en venjuleg skráning. Sennilega er í ofanálag nánast ógerningur að skrá þær með hefðbundnum hætti, svo vel fari. Yfirsýn yfir svæðið næst aldrei og tvískráning er líkleg. Best væri að ljósmynda svæðið úr lofti (eins lágt og hægt er) og merkja og skrá rústinar með hjálp þeirrar myndar.

Væri ráð að fara þannig að við Dritvík og önnur stærri útræði ef fjöldi byrgja og tengdra rústa t.d. sólþurrkunarreita er mikill.

Öndverðarnes (Nr. 4)

Við eyðibýlið Öndverðarnes voru 39 rústir skráðar innan eða rétt utan við túngarð. Vafalítið eru þó fleiri rústir innan túngarðsins. Jafnvíst er að undir mörgum þeirra rústa sem sjáanlegar eru þar nú, eru eldri rústir, enda saga býlisins mun eldri en þær rústir, sem greinilegar eru í dag. Þar var kirkja, eða bænhús, sem var aflagt með Bessastadasamþykkt um miðja sextánda öldina, eða árið 1563. Bænhússins er ekki getið í kirknatali Páls biskups frá því um 1200.

Fjölbreytni rústanna er talsverð á Öndverðarnesi, þurrabúðir, fiskbyrgi, vör, garðar, skepnuhús, brunnurinn Fálki, bæjarstæði o.s.frv. Í ofanverðri vörinni eru spor eftir kili báta, sem dregnir voru upp á þurrt. Eru þetta 5-7 sm breiðar rennur í klöppina og einstakir lausir steinar. Mestur hluti rennanna er undir þara. Svipuð för eru í Gufuskálavör, en öllu minni um sig. Innar á nesinu eru leifar selja og mannvirkja tengdar bithögum býlisins, auk götunnar þangað.

Saxhóll (Nr. 22)

Á Saxhóli voru alls 37 rústir skráðar undir sama aðalnémi, flestar innan túngarðs, svo langt sem hægt var að skera úr um það. Einkennandi fyrir þessar rústir er fjölbreytileiki þeirra og hve vel haldnar þær eru. Þar eru m.a. bæjarhúsaleifar, fiskbyrgi, fjárhús, túngarðar, gata, jafnvel þurrabúðir, brunnar og leifar kirkju og kirkjugarðs. Kirkjan var aflögð árið 1563, um leið og bænhúsið á Öndverðarnesi, og hennar er getið í kirknatali Páls biskups Jónssonar um 1200.

Á óvart komu fiskbyrgin og meintar þurrabúðir. Um slíkar minjar eru engar heimildir til að verið hafi á Saxhóli og vekur það þó nokkra furðu. Fiskbyrgin eru af sömu tegund og á Gufuskálum og eru nákvæmlega eins staðsett úti í úfnu hrauni, dágóðan spöl frá bæjarhúsunum. Þurrabúðirnar eru skammt frá byrgjunum og mynda þannig ákveðna einingu tengda sjávarútvegi á aðal býlinu.

Við eina rústina (nr. 6) telur Bjarni nokkrar líkur á að forn rúst liggji, jafnvel skáli. Algengt var að setja hús ofan í eldri tóttir, svo var oft gert við sel, beitar- og fjárhús. Benda má á fjárborgina við Írskubúðir (nr. 8) sem sett hefur verið ofan í eldri rúst (nr. 9).

⁴ Jónas Hallgrímsson, 1989 (bls. 425 og 454-455).

Þessi hugsanlegi skáli liggur vel við, í jaðri túnsins, aðeins nokkra metra frá hraunjaðrinum, skammt frá lækjarfarvegi og á þurrum stað. Aðeins nokkra metra NA frá rústunum er gjóta, við hraunjaðarinn, og þar gæti verið brunnur!

Beruvíkurbæirnir (Nr. 29-30, 32-33)

Við Garða voru 17 rústir skráðar. Býlið var hið eina á svæðinu við Beruvíkina sem hafði sýnilegan túngarð umleikis. Önnur býli höfðu trúlega aðrar lausnir á málinu t.d. hinar umgirtu skálar, gerði eða bris, en botnar þeirra eru afar vel grónir og gróskumiklir og í skjóli fyrir veðrum og vindum. Slík bris voru ekki fyrir hendi á Görðum. Talsvert hefur verið sléttað yfir rústir við bæinn, heldur meira en á öðrum eyðibæjum sem skráðir voru.

Við Hellu voru 31 rúst skráð. Enginn túngarður fannst. Merkileg voru gerðin eða brisin, sem minnst var á hér að ofan. Gætu það verið náthagar eða eitthvað því um líkt.

Við Helludal fóru 19 rústir á skrá. Er býlið góður fulltrúi smærri býla með nánast ekkert undirlendi sér til framdráttar.

48 rústir voru skráðar við Nýjubúð. Svipar rústunum um margt til Öndverðarness, enda stóðu bæði býlin á sjálfum sjávarbakkanum og höfðu lendingar sem töldust til hinna betri (þó vondar væru) á utanverðu Snæfellsnesi.

1.3 Önnur minni rústasvæði

Forni Saxhóll (Nr. 15)

Við Forna Saxhól í Saxhólslandi voru 6 rústir skráðar. Líkur eru á að greina megi tvær kynslóðir af rústum, eldri og yngri. Sennilegt er talið að hinar eldri séu frá landnámsöld en þær yngri frá miðöldum eða frá því fyrir 1200. Samkvæmt kirknatali Páls biskups Jónssonar frá því um 1200 var kirkja komin á Saxhóli og bærinn hafði því þá þegar verið fluttur þangað ef munnmælum er trúað. Þau herma að Forni Saxhóll sé forveri Saxhóls og því ætti flutningurinn að hafa átt sér stað fyrir árið 1200. Eins gæti verið að nafnið Forni Saxhóll sé seinni tíma tilbúningur og afleiðing af getgátum um að hann hafi verið forveri Saxhóls. Lítilsháttar þurfrannsókn gæti skorið úr um þetta.

Utan um túngarð þann er nú sést vel, hefur sennilega verið eldri garður, forveri þessa sem nú er. Sjást restar hans á stöku stað.

Hve mikið vegurinn hefur eytt af rústum vitum við ekki, en einhverjar hafa farið forgörðum. Verður að gæta þess mjög í framtíðinni að ekki fari aftur fram sem áður í þessum efnum.

Seljarústir við Selvörðu (Nr. 13)

Á staðnum voru fjórar minjar skráðar, þó að þær kunni að vera fleiri. Skammt N við seljarústirnar var gatan frá Öndverðarnesi að Gufuskálum. Sjást reiðgötur þar enn. Ekki hefur umhverfið getað talist frjósamt á staðnum og furðulegt að sel hafi verið sett þar.

Selin í Saxhólsdal (Nr. 17 og 18)

Í örnefnaskrá yfir Saxhól er þess getið að býlið hafi átt selstöðu á Saxhólsdal. Við leit fannst selið og voru 3 rústir skráðar þar. Staðurinn er einkar fallegur þar sem selið kúrir við Saxhólslæk undir fallettum fossi í tignarlegu gljúfri. Greinilegt er að selstaðan er gömul, jafnvel forn, og yngsta rústin virðist hvíla ofan á eldri rústum.

Aðeins ca. 50 m NA frá þessum seljarústum fundust aðrar rústir, sem trúlega eru einnig seljarústir. Töldust rústirnar vera 4 (undir 3 númerum) og eru þær annaðhvort forveri þeirra fyrrnefndu, eða, sem er sennilegra, selstaða frá öðrum bæ. eru rústir þessar fornar að sjá. Engar heimildir eru til um þessar rústir.

Bæði selin eru á afar frjósömum stað, miðað við umhverfið, og nánast eðlilegt að seljum hafi verið komið þar fyrir.

Fjárbyrgin og bólin í hrauninu við Litla Saxhól (Nr. 27)

Á staðnum voru 12 fjárbyrgi eða fjárból skráð. Munurinn á þessum heitum er sá að byrgi er í gjótum en bólin í helli.

Trúlega eru mun fleiri fornleifar á staðnum, en erfitt er að leita og tíminn var ekki ótakmarkaður. Mikilvægast var að staðurinn er kominn á skrá og er aðgengilegur þeim sem vilja njóta hans, enda um afar athyglisverðan stað að ræða með tilliti til náttúrufars og fornleifa, eða samspils þeirra.

Við sum bólin og byrgin er kerfi af hellum og skútum, sem teygja sig inn undir hraunhelluna, misjafnlega aðgengilegt fyrir mannfólkið.

Nátthagi við Saxhól (Nr. 28)

Umhverfis nátthaginn er gerði úr grjóti og innan þess er stekkur og rúst sem gæti verið forn. Nátthaginn er afar fallegur þar sem hann er í jafri hrauns og stekkurinn einn sá fallegasti á utanverðu nesinu.

Nátthagi við Nýjubúð (Nr. 34)

Umhverfis þennan nátthaga er einnig gerði úr grjóti, þó slitrótt sé og inni í því eru fallegar rústir. Staðsetning nátthagans við sjóinn (og möguleiki á þarabreit) gerir hann talsvert sérstakan.

1.4 Einstakar rústir

Við Skarðsvík (Nr. 3, 5 og 6)

Við athugun á svæðinu við Skarðsvík fannst áður óþekkt rúst, sem virðist forn, jafnvel frá öndverðu. Að mati Bjarna voru aðstæður á staðnum þesslegar að þarna hefði verið gott að lenda bátum, þó margir honum kunnugri um slíkt telji að svo hafi ekki verið.

Vegna þessarar skoðunar leitaði Bjarni sérstaklega að rústum á svæðinu. Áður voru tvær fornleifar þekktar á svæðinu. Nyrst á því er svokölluð Írskutóft (nr. 6), sem talin er vera bústaður írskra skipbrotsmanna, er höfðu vetursetu á staðnum. Syðst á svæðinu var kuml (nr. 5), sem fannst árið 1962, þegar jarðýta ruddi ofan af því jarðveginum og eyddi því.

Hin óþekhta rúst liggur fyrir ofan víkina, aðeins nokkra metra frá veginum að Öndverðarnesi, rúma 100 m frá kumlínu. Minnir hún einna helst á skála. Er rústin illa blásin og varla mikið eftir af henni í dag.

Rústir þessar eru trúlega allar jafn gamlar og hluti af sömu heild, þ.e.a.s. fornu býli, sem staðið hefur við Skarðsvíkina. Munnmælin um vetursetu Írana er þjóðsaga ein sem er algeng skýring á óþekktum rústum í nágrenninu og má benda á Írskubúðir því til áréttingar.

Sennilega leynast fleiri rústir á svæðinu, huldar sandi í dag. Lítils háttar rannsókn á staðnum gæti varpað skýrara ljósi á málið.

Bruggellir (Nr. 7)

Hellirinn er á mögnuðum stað við Svörtuloft, vestast á Snæfellsnesi. Neðan við hellinn svarrar brimið og sjálft Atlantshafið. Staðsetningin sýnir hvað menn lögðu á sig til að geta nálgast og neytt þess sem ekki mátti.

Skeiðsandsrétt (Nr. 21)

Þó að réttin, sem nú sést, sé ekki gömul, er hún góður fulltrúi sinnar tegundar og falleg. Hún stendur trúlega ofan á eldri leifum af rétt á afar fallegum stað undir úfnu hrauni.

Á Sauðhól (Nr. 24, 25 og 26)

Við Sauðhól, rúman kílómetra NV frá Saxhóli, eru þrjár rústir í hólum SA-verðum. eru það fjárborg, beitarhús og fjárból, allt rústir tengdar fjárbúskap eins og vænta mátti sbr. heiti hólsins. Fjárborgin og bólið eru fallegar rústir og vel haldnar og þaðan er mikið útsýni yfir nesið og fagurt að líta.

2 Lokaorð og samantekt

Ein af þeim hættum sem að fornleifum svæðisins stafa er skepnuhald. Er þar aðallega átt við hesta sem gengu lausir á svæðinu fyrir stofnun þjóðgarðsins en í raun á þetta við um nánast öll húsdýr. Hestar og fornleifar fara afskaplega illa saman og víða sér á fornleifunum þar sem hestar hafa farið.

Varðandi hugsanlegar vegaframkvæmdir í framtíðinni ber að sýna mikla aðgát og fara ekki út fyrir núverandi veg, sérstaklega ekki við eyðibýlin. Á þetta jafnt við beinar vegaframkvæmdir og umferð þungavinnuvéla út fyrir vegina.

Í nokkrum tilfellum stafar fornleifum hættu af landeyðingu, uppblæstri, sjávangangi eða sandfoki. Þessum þáttum þarf að fylgjast vel með og gera viðeigandi ráðstafanir ef til þess þarf að koma að bregðast þurfi sérstaklega við.

Æskilegt væri að sérmerkja úrval af rústum, með upplýsingum um þær sjálfar og ekki síður um þá verkmenningu sem þær eiga tilurð sína að þakka, svo sem sjósókn, hefðbundinn fjárbúskap og blöndu af þessu tvennu. Einnig mætti merkja elstu leifarnar sérstaklega og gamlar þjóðleiðir (fornleiðir) mætti merkja á sýnilegan og varanlegan hátt og endurvekja sem gönguleiðir.

Skynsamlegt er að mæla inn allar fornleifarnar nákvæmar en hægt var við fyrstu yfirferð, en þá var nákvæmnin 20-30 m á tæki því sem notað var. Með meiri nákvæmni eykst öryggið og hægt yrði að færa mælingarnar beint inn í tölvu, sem gerir tölvuteikningu af svæðinu, eða hluta þess, einfaldari og nákvæmari. Slík vinna tæki nokkra daga.

3 Um sögukafla fyrir verndaráætlun.

Helgi Þorláksson skráði. (mik endurskráði).

3.1 Inngangur

Ég undirritaður var beðinn um að leggja á ráðin vegna samantektar um sögu þess svæðis undir Jökli sem ætlað er fyrir Þjóðgarð.⁵ Að beiðni undirbúningsnefndar um stofnun Þjóðgarðsins samdi ég drög að áætlun um slíka vinnu, dagsett 28. maí 1997, og eru þau stofninn í því sem birtist hér á eftir í kafla II. Í bréfi Ólafs Sveinssonar frá 12. júní var ég beðinn um að gera þessu efni nokkru nánari skil og ennfremur að setja fram "ábendingar um það hvort einhverjar söguminjar kunna að vera á svæðinu sem alls ekki má raska. Eða hvort einhver sérstök svæði séu sérstaklega áhugaverð vegna sögu". Ég reyni að sýna nokkurn lit á þessu í kafla III sem fer hér á eftir, en tek fram að þetta er vandkvæðum bundið þar sem rækileg (söguleg könnun hefur ekki farið fram.

Í drögum Kristjáns Geirssonar frá 3. maí 1996 er lögð áhersla á að, markmið með stofnun Þjóðgarðs þurfi að vera skýr og til að svo megi verða þurfi m.a. að þekkja til hlítar flesta þætti í sögu svæðisins sem á að vernda. Í drögum Kristjáns segir ennfremur m.a.:

Saga.

Snæfellsnes hefur löngum þótt sérkennileg og heillandi vegna mikilla óútskýrðra áhrifa sem fólk hefur orðið þar fyrir. Skriflegar og munnlegar heimildir eru óvída jafn mergjaðar og undir Jökli og hafa verður í huga þá staði sem eru hvað þekktastir frá þessum sjónarhóli.

Dularmögn og þjóðsögur kæmu sjálfsgagt við sögu í sagnfræðilegri úttekkt um svæðið undir utanverðum Jökli en ekki er einboðið að gera þetta að aðalatriði eða þungamiðju slíkrar úttekktar.

Í bréfi Ólafs Sveinssonar til undirritaðs, dagsettu 16. maí 1997, segir m.a.:

Sögukaflinn þarf að gefa gott yfirlit yfir þróun byggðar, mannlífs, menningar og atvinnuhátta á utanverðu Snæfellsnesi. Söguleg samantekt geti orðið grunnur að leiðalýsingu og skýringartexta sem notaðir verða við kynningu á svæðinu.

Tekið er mið af þessum ábendingum Ólafs í því sem fer hér á eftir. Er þá gert ráð fyrir að í hinni sagnfræðilegu úttekkt sé lagður grunnur að sögufræðslu fyrir þá sem njóta útivistar í Þjóðgarðinum.

Mikilvægt er að vita í upphafi verks fyrir hverja sögulegar upplýsingar skulu vera og hvaða tilgangi þær eiga að þjóna. Þetta liggur þó ekki fyrir. Ólafur gerir ráð fyrir að upplýsingarnar séu ekki fyrst og fremst ætlaðar undirbúningsnefnd og stjórnvöldum við töku ákvarðana heldur skuli móðað úr þeim við gerð leiðarlýsinga og skýringartexta. En spyrja má, eru þær ætlaðar ferðamönnum sem lítið vita fremur en heimamönnum sem eru vel að sér?

Hér verður miðað við að hvorttveggja gildi. Er gert ráð fyrir að þessir ferðarmenn séu á hraðferð eða gefi sér tíma til að kanna svæðið vel? Aftur er miðað við að hvorttveggja gildi, sumir fari um Þjóðveg í bíl og stansi ekki oft, aðrir gangi um leiðir sem eru fáfarnar. Er ætlunin að reyna að laða að ferðamenn? Þetta skiptir máli þegar til athugunar er hvort leggja eigi einkum áherslu á það sem er sérstakt, skrytið, einstakt á svæðinu eða gera jafnframt öllu skil sem hefur almennt gildi og þekktist víðar. Fálki og Írskra brunnur eru alveg einstakir og munu laða að ferðamenn en Forni - Saxhóll með tóttum þykir væntanlega líkur mörgum öðrum stöðum, svo að dæmi séu tekin. Brunnarnir eru líklega vænlegri til að draga að ferðamenn og gætu væntanleg skipt miklu máli fyrir alls kyns sölumennsku. Gert er þó ráð fyrir að hugmyndafræði umhverfisvænnar ferðaþjónustu ráði ferðinni, verndun lands og umhverfis sé leiðarljós í þjónustu við innlenda og erlenda ferðamenn og ekki sé verið að laða ferðamenn fyrst og fremst að hinu sérstaka með sölumennsku og tekjuöflun í huga. Hið almenna geti þannig líka haft gildi og ferðamenn séu til þess búnir að koma á staði sem eiga sér merka sögu þótt þar sé kannski ekki mikið að sjá af minjum eða fornleifum. Þó verður að gera ráð fyrir ólíkum hópum og mismunandi áhugamálum, bæði fjölskyldufólki, foreldrum með börn sín, sem eru að miklu leyti bundin bíl og tjaldstæði, og svo einnig unnendum gönguferða, náttúru og sögu. Fyrirnefnda hópnum þarf kannski að 'skemmta' með sérstökum sýningum sem gætu tengst náttúru og sögu.

Við það er miðað að sá sem tekur að sér sögulega samantekt byrji á umfangsmiklum lestri prentaðra rita en stundi lítt frumrannsóknir. Ráðlegt þykir að hann fari svo í fyrra lagi á Nesið,

⁵ Hér er miðað við að svæðið nái nokkurn veginn frá Svalþúfu og að Háatungu fyrir utan Gufuskála.

útbúinn með örnefnaskrár, fornleifaskrár og nákvæm kort og jafnvel loftmyndir. Hann yrði að ætla sér nokkra daga til gönguferða um svæðið og til viðræðana við staðkunnuga og fróðra Jöklara. Gera verður ráð fyrir að vinna hans taki varla minna en átta vikur.

3.2 Atriði sem þyrfti að kanna í sögukafla

A. Inngangsorð

Heimildir um sögu svæðisins undir Jökli eru öðru fremur tengdar fiski. Ekki tók að lifna verulega yfir fiskveiðum á Íslandi fyrr en um 1250 og verður líklega einna helst skýrt með fólksfjölgun. Í Þjóðveldislögum (fyrir 1262) er amast við búðsetu, í Jónsbók (1281) er hins vegar ekkert bann við henni heldur aðeins sett eignatakörk fyrir þá sem vilja fara að búa. Þau voru afnumin 1294. á 14. öld verða búðsetumenn fullgildir hópur, jafnvel þeir sem voru í þurrabúðum án málnytu. Við þetta allt saman jókst svæðið að mikilvægi, það kemur m.a. fram í því að forkólfar Helgafellsklasturs tóku að sækjast ákaft eftir jörðum á svæðinu og ný kirkja reis, kirkjan á Ingjaldshóli, sem var vígð af Árna biskupi Helgasyni, 1317 eða 1318 (kannski 1308). Þarna hafði verið bænhús áður. Í vígslumáldaga kirkjunnar virðist vikið að búðsetufólki og var það sjálfsagt einkum fjölgun þess sem olli að nauðsyn þótti að reisa nýja kirkju.

Svæðið undir Jökli kemur lítt við sögu í Sturlungu en þeim mun meira gætir þess í máldögum og fornbréfum frá 14. öld og síðar. Í Íslendingasögum, eins og Grettlu, er getið um skreiðarferðir undir Jökul og er hætt við að þar sé fremur lýst ástandi í tíð þeirra sem sögðu söguna og skráðu en það eigi við um þá tíma sem lýst er í sögunni.

Má fullyrða að svæðið hafi verið orðið afar mikilvægt um 1300, um það bil sem tekur fyrir frásagnarheimildir eins og Sturlungu og biskupasögur; um svæðið verður því fyrst og fremst að styðjast við skjöl, svo sem máldaga og fornbréf og auk þess annála þar til fer að fjölga heimildum eftir 1600.

Í tíð stóraukins valds Danakonungs eftir 1550 og einokunar frá 1602 er svæðið fyrst og fremst nefnt í tengslum við fisk og er svo allt til upphafs 19. aldar þegar þau miklu tíðindi verða að tekur að miklu leyti fyrir fiskveiðar undir Jökli, Um 80 bátar voru t.d. gerðir út frá Dritvík snemma á öldinni, segir Þorvaldur Thoroddsen, en enginn þegar hann var á ferðinni 1890. Laust fyrir 1850 mundu menn að verið hefðu 70 skip í Dritvík en síðustu bátar voru gerðir út þaðan árið 1861, og voru aðeins tveir (Lúðvík Kristjánsson): Af þessari hnignun og afleiðingum hennar er mikil saga og lítt könnuð.

Sá sem vill taka saman sögu svæðisins myndi væntanlega fyrst gera úttekt á ýmsum aðgengilegum heimildaflokkum til að afla yfirlitsþekkingar en að svo búnu glíma við valin viðfangsefni. Við það er miðað í eftirfarandi.

B. Heimildaflokkar

Staðfræðirit.

Ferðabók Þorvalds Thoroddsens er ágæt inngangslésning.⁶ Að svo búnu væri ráð að lít í Sýslu- og sóknalýsingar⁷ og rit Kr. Kálunds sem er bæði til á dönsku og íslensku.⁸ "Kálund segir því miður ekki margt um svæðið í sögustaðalýsingu sinni. Alfa og omega allra þeirra sem fást við sögu tiltekinna svæða er Jarðabók Árna og Páls.⁹

Landnámabók.

Landnámu ber að lesa í útgáfu Fornritafélags.¹⁰ Um landnám á Snæfellsnesi hefur ritað sérstaka bók Ólafur Lárusson¹¹ Þetta er hið merkasta verk en lýsir mikilli trú á heimildargildi Landnámu. Efnið þyrfti að taka til endurskoðunar í ljósi nýrra viðhorfa. Gagn má hafa af riti Haralds Matthíassonar um landnám; þar er að ýmsu leyti brugðist við nýjum viðhorfum og gömul áréttuð.¹² Efni Landnámu má m.a. nota til að sýna hugmyndir manna á 12. og 13. öld um tímabilið 870-930.

⁶ Þorvaldur Thoroddsen. *Ferðabók III* (2. útg. 1959), 52 oáfr.

⁷ *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags* (Snæfellsnes III. 1970).

⁸ *Bidrag til en historisk - topografisk Beskrivelse af Island I* (1877), 419-20. Sbr. og Íslenzkir sögustaðir. Þýð Haraldur Matthíasson, II (1985). 63-4. Haraldur bætir stundum við vitneskju en ekki í þessu tilfelli.

⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, V. Hnappadals- og Snæfellsnessýsla (1931-33).

¹⁰ *Íslendingabók, Landnámubók*: Jakob Benediktsson gaf út (Íslenzk fornrit I, 1968), 104-12.

¹¹ Ólafur Lárusson, *Landnám á Snæfellsnesi*. (Snæfellsnes I, 1945).

¹² Haraldur Matthíasson. *Landið og Landnáma* (1982), 161·6.

Fornleifar.

Nýta þyrfti Árbók Fornleifafélags og má einkum benda á grein Brynjúlfs frá Minna-Núpi.¹³ Þá verður að benda á Frásögur um fornaldarleifar.¹⁴ Margvíslegt gagn má hafa af Fornleifaskrá Bjarna F. Einarssonar og endurskoðaðri friðlýsingaskrá Guðmundar Ólafssonar.¹⁵

Sögur

Nota þyrfti Eyrbyggjasögu, Bárðarsögu og kannski Víglundarsögu með nýjum hætti, láta þær vitna um hugmyndir manna frá 12. öld til 14. aldar. Þær eru lítt eða ekki nothæfar sem heimildir um tímabilið 930 - 1030. Eyrbyggju mætti nota sem vitni um útgerðarhætti fyrir 1200 eða svo og Bárðarsaga er merk heimild um fornan átrúnað á Bárð Snæfellsás sem tengist kannski fyrst og fremst sjómennsku og verbúðalífi. Um það hefur ritað Ólafur Lárusson.¹⁶ Ný viðhorf koma fram í útgáfu Þórhalls Vilmundarsonar af Bárðarsögu.¹⁷

Örnefni.

Fræg er vísa Helgu Bárðardóttur sem tekur til örnefna svæðisins. Um hana má benda á Bárðarsögu í útgáfu Þórhalls, fyrrnefnda grein Ólafs Lárussonar og grein Helgu Kress.¹⁸ U m örnefni í forns ogum hefur skrifað Arni Thorlacius.¹⁵¹⁹ . Um örnefni seinni tíma er mikla vitneskju að hafa í örnefnaskrá Örnefnastofnunar á Þjóðminjasafni. Rétt er að minna á að í slíkum örnefnaskrárn geta verið margs kyns upplýsingar og sagnir.

Íslenskt fornbréfasafn I-XVI.

Í því er að finna fornbréf. sem geta t.d. varpað ljósi á eignarhald jarða og útgerðarsögu, og ennfremur máldaga einstakra kirkna og Helgafellsklosturs. Einkum má hafa mikið gagn af þessum heimildum til að varpa ljósi á jarðeignasöfnun (og þar með útgerð) Helgafellsklosturs undir Jökli; það átti m.a. hálf Gufuskála, Hóláhóla og Dritvík. Um klaustrið hefur Hermann Pálsson skrifað sérstaka bók.²⁰ Nakvæma úrvinnsla fyrir eignarhald á svæðinu er þó ekki að finna þar. Staðarstaður og Hítardalur vekja einnig forvitni í þessu sambandi og jafnvel Kolbeinsstaðir. Hótardalur átti Öndverðarnes og Staðarstaður hálf Gufuskála og hálf Einarlón á móti Kolbeinsstaðakirkju (og þar með verstöðina Lónsdal, skammt frá Dritvík).²¹ Þetta gefur tilefni til að kanna gögn þessara kirkna frekar, fram yfir það sem finna má í prentuðu fornbréfasafni.

Hver var hlutur veraldlegra höfðingja á miðöldum í útgerðargróða undir Jökli og hvernig stóðu þeir sig í samkeppni við kirkjuna um jarðir og ver? Hvernig var háttað eignatílfærslum? Um þetta má finna gögn í fornbréfasafni. Við lok miðalda áttu konungur og kirkja allar jarðeignir á umræddu svæði. Konungur tók við jarðeignum Helgafellsklosturs og Stapumboð varð til; þetta voru allar jarðir á umræddu svæði, aðrar en þær sem ofangreindar kirkjur áttu.

C. Valin viðfangsefni

Útgerð.

Um mikilvægi útgerðar milli Beruvíkurhrauns og Ennis á miðöldum hefur skrifað Magnús Már Lárusson.²²

¹³ Brynjúlfur Jónsson. Rannsóknir í Snæfellsnessýslu sumarið 1899. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1900*, einkum 17-23.

¹⁴ Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar (1983). 314-33, einkum 332-3.

¹⁵ *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Águst Ó. Georgsson tók sarnan (1990), 25-6. Þessa skrá endurskoðaði Guðrún Ólafsson, deildarstjóri á Þjóðminjasafni, en hefur ekki gengið frá athugunum sínum til birtingar. Athugandi er að kalla eftir því og gera honum þá vinnu kleifa.

¹⁶ Ólafur Lárusson, Undir Jökli. Ýmislegt um Bárðar sögu Snæfellsáss. *Byggð og saga* (1944), 146-79

¹⁷ *Harðar saga*, Þórhallur Vilrnundarson og Bjarni Vilhjálmsson gáfu út. (Íslensk Fornrit XIII, 1991).

¹⁸ Helga Kress. Fyrir dyrum fóstru. *Tímarit Háskóla Íslands* (1989), 133 – 44.

¹⁹ Arni Thorlacius. Skýringar yfir örnefni ... ú Þórsnes þingi hinu forna. *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta* II (1886). 277-98. Samj. Skýringar yfir örnefni í Báðar rögu og Víglundar, sama rit. 299-303.

²⁰ Hermann Pálsson, Helgafell. *Saga höfuðbóls og klosturs*. (Snæfellsnes II. 1967)..

²¹ Jarðabók Árna og Páls. Um Lónsdal sjá íslenska sj' varhætti 2 (1982), 45.

²² Magnús Már Lárusson, Milli Beruvíkurhrauns og Ennis. *Fróðleikspáttir og sögubrot* (1967), 95-106.

Mikið gagn má hafa um þetta af Ferðabók Eggerts og Bjarna og að sjálfsgöngu af skrifum Lúðvíks Kristjánssonar.²³

Skreiðarflutningar og fornar leiðir.

Um þetta er að hafa dreifða vitneskju úr ýmsum áttum. Um skreiðarflutninga á miðöldum má benda á yfirlit í skrifum Þorkels Bjarnasonar og Þorvalds Thoroddsens.²⁴ Um leiðir, sjá staðfræðirit.

Kirkjur og kirknasóknir.

Sóknarkirkja á Ingjaldshvoli/-hóli var nýjung snemma á 14. öld og bendir til fólksfölgunar og aukinnar sjósóknar og búðsetu, svo sem fyrr getur. Gera þyrfti úttekt á sögu Ingjaldshólskirkju með samanburði við Saxahvol/Saxhól eldra og yngra og kirkju(r) þar. Hér undir kæmu til athugunar bænhús á Öndverðarnesi og kirkjan í Einarlóni og breytt sóknarskipan 1563. Hvernig stóð á henni? Þegar fornbréfasafn í með máldögum sleppir, er helst von til að vísitasúbækur biskupa eftir 1570 geti varpað ljósi á málið.

Svarti dauði, fólksfjöldi og útgerð.

Þetta hefur einkum kannað Ólafur Ásgeirsson.²⁵

Útlendingar undir Jökli 1400-1700.

Hér kæmi fram saga Englendinga, Íra, Þjóðverja (einkum Brimara) og Hollendinga.²⁶ Englendingar voru fyrirferðarmiklir Undir Jökli, drápu t.d. Björn í Rífi 1467 og voru athafnasamir í Beruvík á 17. öld. Þar var eins konar miðstöð þeirra.²⁷ Íraörnefni vekja forvitni og þyrfti að gera sérstök skil. Hverjir voru þessi Írar?

Konungur og Stapaumboð.

Konungsútgerð tók við af útgerð Helgafells og Stapaumboð var eftirsótt. Hvernig gekk rekstur þess og hvaða áhrif höfðu umskiptin eftir að konungsvald tók við? Um þetta er helst að vísa til óprentaðra heimilda.

Verstöðvar.

Hér nýtast einkum og sér í lagi skrif Lúðvíks Kristjánssonar. Verbúðum yrði lýst og leifum sem þar er að finna, fjölmenni áður fyrr og fjölda báta. Merkileg er hin ætlaða hnigun Gufuskála og hinn ætlaði uppgangur Dritvíkur, víst helst um miðbik 16. aldar, sem hefur vart verið skýrt til hlítar.

Sjósókn og aflabrögð 1600-1900.

Enn nýtast skrif Lúðvíks en margt kemur fleira til greina. Til að varpa ljósi á aflabrögð þyrfti að gera tiltekt á annálum.²⁸

Einokun og kaupmenn.

Sjá einkum rit Jóns Aðils og Gísla Gunnarssonar.²⁹ Jarðir og eignarhald 1600-1700. Sjá Jarðabók Árna og Páls og rit Björns Lárussonar.³⁰

Fólksfjöldi og íbúar 1703 og síðar.

Sjá manntöl.

Þéttbýli.

Rétt utan umrædds svæðis, á Hellissandi.³¹ var eitt mesta þurrabúðahverfi á sinni rið og umtalsvert á Rífi en nokkurt "Í Gufuskálum. í Dritvík leyfðu kringumstæður víst ekki slíkt. Hvað um Öndverðarnes og kringumstæður þar? Hinar ýmsu hliðar þessa máls eru forvitnilegar og merkar.

²³ Lúðvík Kristjánsson, *Íslenzkír sjávarbattir* 1-5 (1980-86).

²⁴ Þorkell Bjarnason, Um fiskveiðar Íslendinga ... *Tímarit Hins íslenszka bókmenntafélags* IV (1883), 166 – 242. Þorvaldur Thoroddsen, Saga fiskveiðanna við Ísland. *Fjórar ritgerðir* (Safn Fræðfjélagans ... III, 1924), 43 -89.

²⁵ Ólafur Ásgeirsson. Basetningin í Snæfellsnessýslas vestlige del 1300-1600. En punktundersökelse under Det nordiske odegardsprcsjekt (1978).

²⁶ Jón I. Aðils. *Einokunarverzlun Dana á Íslandi 1602-1787* (1919), 51-5 ov.

²⁷ Jón Halldórsson, *Biskupasögur I (1903-10)*. 29,-5. Rit Björns Þorsteinssonar.

²⁸ *Annálar 1400-1800* I-VI.

²⁹ Jón I. Aðils. Einokunarverzlun Dana á Íslandi 276-80 ov. Gíslí Gunnarsson. *Upp er boðið Ísland* (1987).

³⁰ Björn Lárusson. *The old Icelandic Land Registes* (1967).

³¹ Um nöfnin Hjallasandur/Hellissandur sjá Magnús Már, tilv. Rit. 101-2.

Landbúnaður.

Sjá einkum óútgefnar búfjárskýrslur 1703 og síðar.

Lífið undir Jökli, mannlíf og menning.

Hér undir kæmi verbúðalíf, galdrar og hjátrú, sögur og sagnir.³²

Ferðabækur og lýsingar þeirra.

Eggert og Bjarni fóru á Jökulinn. Algengt var að erlendir ferðamenn færu að Arnarstapa. Má kanna hvað þeir segja um mannlíf undir Jökli, sbr. skrif Sumarliða Ísleifssonar.³³

Mannlíf á 19. og 20. öld.

Hér er væntanlega úr miklu að móða, manntölum, embættisgögnum og sögnum og minningum, svo sem Oscars Clausens. Karvels Ögmundssonar og Þórðar frá Dagverðará. Staður eins og Brugghellir og sögur sem tengjast honum kallar t.d. á könnun skjala frá sýslumannsembætti og er álitamál hversu langt eigi að ganga í slíku á þessu stigi.

3.3 Merkar minjar og áhugaverð svæði.

Hugleiðingar um verndun og varðveislustefnu

Um minjar og verndun þeirra

Furðufátt hefur verið friðað af fornminjum undir Jökli. Ekki er það af því að fátt sé þar merkilegt að finna heldur vegna hins að tilviljun hefur ráðið mestu um friðun. Matthías Þórðarson Þjóðminjavörður tók sig til 1928/1929 og beitti sér fyrir að fornminjar væru friðaðar með þinglýsingu. Ekki var það að undangenginni mikilli könnun heldur lét hann séð nægja að fara eftir lýsingum í Árbók Fornleifafélags. Fyrir svæðið undir Jökli miðaði hann eingöngu við lýsingar Brynjúlfs frá Minna-Núpi sem var á ferðinni 1899. Friðlýsingar Matthíasar frá 1929 eru góðra gjalda verðar en vart telst þó vel að verki staðið.

Lýsingar Brynjúlfs hafa það séð til ágætis að vera nákvæmar um staðhætti en þess var varla að vænta að hann gerði tæmandi könnun, jafnan á hraðri ferð í ýmsum veðrum og gróf ekki víða. Er vinnu hans m.a. áfátt í því að hann ber lítt eða ekki saman við skrif fyrri manna, Eggerts og Bjarna, Arna Thorlacius, Kálunds osfrv. Áhuginn beinist fyrst og fremst að íslendingasögum og Landnámu og þar með ekki síst að haugum. Aflögð kirkja og kirkjugarður á Saxhóli hafa t.d. ekki vakið athygli hans og naut hann þó tilsagnar oddvitans í bænum. Brynjúlfur hefur t.d. ekki áhuga á Íraminum nema þegar hann getur tengt þær við hugsanlegan fornmannahaug (Hákonarhaug). Matthías virðist líka hafa haft áhuga á haugum og dysjum, lætur friðlýsa því þótt e.t.v. séu náttúrusmíðar, samanber Ásmundarhaug hjá Öxl, en sleppir t.d. Björnsskála þar skammt frá, sem Brynjúlfur lýsir vel, og er vægast sagt athyglisverður, miðað við Eyrbyggju.

Nú mætti líta svo á að könnun Bjarna F. Einarssonar gefi tilefni til að hugleiða frekari friðlýsingar. Þjóðminjaráð hefur ekki markað neina stefnu um þær en sú hugmynd er uppi að nýleg þjóðminjalög eigi að veita fornminjum næga vernd og ekki sé ástæða til að þinglýsa friðun nema þegar um ræði stórmerkar þjóðminjar.

Friðlýsingar hrökkva skammt ef enginn fer eftir þeim. Dæmi um þetta er Forni Saxhóll, bær, peningshús og girðingar, sem Matthías lét friðlýsa 1929 í samræmi við lýsingu Brynjúlfs. Við athugun á staðnum virtist Guðmundi Ólafssyni fornleifafræðingi sýnt að rústum hefði verið spillt þar við vegargerð.³⁴ Besta ráð til að sporna við þessu virðist vera að setja upp traust og skýr merki úr málm og tryggilega fest í jörðu, t.d. með steinsteypu. Frágangur merkinga við Gvendarbrunn á Hellnum veitir hugboð um hvernig mætti standa að verki. Annars er hætt við að merkar og jafnvel friðaðar fornleifar glatist. eins og virðist hafa orðið raunin á Laugarbrekku. Væri ráð að undirbúningsnefnd þjóðgarðs beini sér fyrir slíkum merkingum undir Jökli og ekki aðeins þar sem friðlýst hefur verið, heldur hvarvetna þar sem menn telja að hætta geti verið á að fornminjum verði spillt á umræddu svæði. Merkingarnar þurfa að vera með nokkrum upplýsingum til að fólk átti sig. Gulur friðlýsingarstautur á Forna Saxhóli, nánast án allra upplýsinga, segir lítið og vekur vart áhuga á varðveislu.

Sé hins vegar settur texti á spjald, þótt ekki væri meira en t.d., "Forni Saxhóll (Saxahvoll), að líkindum leifar miðaldabæjar", vaknar frekar áhugi á verndun meðal almennings og þar með virðing fyrir staðnum. Yrði þá minni hætta á spjöllum.

³² T.d. Lúðvík Kristjánsson, Vermennska í Dritvík. *Blanda, fróðleikur gamall og nýr* VI (1937). Um einstök galdramál á Íslandi (1940-43).

³³ Sumarliði R. Ísleifssonar, *Ísland, framandi land* (1996).

³⁴ Guðmundur Ólafsson deildarstjóri á Þjóðminjasafni í samtölum við undirritaðan 1994 og aftur 1997.

Merkir staðir

Þegar spurt er hvar séu merkar og áhugaverðar söguminjar á umræddu svæði, er sýnt að flestir munu koma sér saman um að þær sé að finna á Djúpalónssandi, í Dritvík, á Öndverðarnesi og Gufuskálum. Varla þarf að hafa miklar áhyggjur af spjöllum á þessum stöðum af mannavöldum, séu þeir vel merktir, stígar stíkaðir og áminningar settar upp um góða umgengni. Fálki á Öndverðarnesi virtist vera í góðu horfi 1994, nema hvað undir hælinn var lagt hvort fólk setti lausan og lasinn hlera fyrir þegar það hafði skoðað brunninn enda var það kannski nokkuð umhendis fyrir suma. Og þótt hlerinn væri fyrir, hlífði hann ekki vel ef hugmyndin var að aftra sandfoki. Hér var það náttúran frekar en maðurinn sem ástæða var til að hafa af áhyggjur. Leiðin frá bílastæði að brunninum hafði verið stíkuð og er það til fyrirmyndar og vekur virðingu fyrir staðnum. Greinileg friðlýsingarstíka var á staðnum en upplýsingar skorti.

Írskrbrunnur hjá Gufuskálum var að falla saman 1994, eftir því sem sagði þar á skilti, og höfðu verið gerðar ráðstafanir til að aftra því til bráðabrigða með þvingu. Má gera ráð fyrir að Jöklarar sýni honum sóma og báðum brunnum enda eru þeir einstakir. Fiskbyrgin á Gufuskálum teljast vera um eða yfir 200 og veita ásamt vörunum sem þar eru vísbendingar um mikið athafnalíf. Lúðvík Kristjánsson skrifar, "Hvergi eru eins miklar vergagnaleifar sem þar og gætu að mestu leyti verið frá 15. öld".³⁵

Saxhóll

Meiri ástæða virðist til að hafa áhyggjur af öðrum merkjum stöðum af því að þeir eru lítt þekktir. Saxhóll er dæmi um þetta og er alveg við þjóðveg þar sem umferð er mest. Saxahvoll er nefndur í Landnámu.³⁶ Samkvæmt Bjarnar sögu Hítðælakappa bjó hér bóndi sem seldi eða útvegaði fisk.³⁷ Enda hafa bændur hér á þjóðveldistíma væntanlega átt ítök í verstöð á Öndverðarnesi og í Beruvík og líka nytjar í Saxhólsbjargi, megi miða við það sem tíðkaðist um 1700.³⁸ Bjarni F. Einarsson telur sig hafa fundið fiskbyrgi á þessum slóðum, úti í hrauni, dagóðan spöl frá bæjarhúsum, og tengjast þau etv. slíkri skreiðarútvægum eða skreiðarsölu.

Saxhólar nefnast hólar tveir í Neshrauni og eiga að vera kenndir við Saxa, son landnámsmanns. Ekki langt frá þeim eru tóttir tveggja býla, norðar Forna Saxhóls og sunnar Saxhóls. Grímkel Úlfsson, sem taldist í hópi landnámsmanna, á að hafa rekið Saxa á braut, "og bjó [hann] síðan í Hrauni hjá Saxahvoli", segir Landnáma. Ólafur Lárusson telur að með "hann" (aðeins í Sturlubók) sé átt við Grímkel og að Forni Saxhóll hafi nefnst öðru nafni Hraun.³⁹ Er hald manna að upprunalegi bærinn á Saxahvoli, að Hrauni (?), hafi verið fluttur á syðra bæjarstæðið.⁴⁰

Þessi Saxhóll (syðri bærinn) var byggður þegar Brynjólfur Jónsson var á ferðinni 1899 en er núna í eyði. Á nyðra bæjarstæðinu eru tóttir allmiklar, fornlegar, og friðlýsingarstíka sem vísar á þær. Einnig má sjá túngirðingar.⁴¹

Varla verður greitt úr því hvað sé gamalt og nýlegt og hvað eldfornt á bæjarstæðunum nema með könnunarskurðum eða viðtækari uppgrefti.

Sú hugsun vaknar að rétt sé að sýna tóttum á syðra bæjarstæðinu mikinn sóma líka, ekki Síst þar sem Árni Thorlacius segir að þar megi sjá votta fyrir kirkjugarði og leiðum. Þarna nefnist líka Kirkjubrunnur.⁴² Mariukirkja á Saxahvoli er nefnd [1274] og var sóknarkirkja fyrir alla Beruvík og Öndverðarnes. Hún skyldi vera upplýst um nætur frá Maríumessu fyrri til loka páskavíku og átti þá etv. að þjóna þannig sem viti.⁴³ Hinni nýju sóknarkirkju að Ingjaldshvoli skyldi þjónað af presti við Saxhólskirkju. Samkvæmt Vilkinsmáldögum við lok 14. aldar heyrðu þá sex bær undir Saxhólskirkju að tollum og tíundum.⁴⁴ Frá

³⁵ Íslenskir sjávarhættir 2 (1982), 48.

³⁶ Ísl. fornrit I, 110.

³⁷ Ísl. fornrit II, 156-7.

³⁸ Sjá jarðabók Árna og Páls V, 194-5.

³⁹ Ólafur Lárusson, Landnám á Snæfellsnesi, 85-6.

⁴⁰ Árni Thorlacius í Sarfni II, 287,291. Brynjólfur Jónsson í Árbók 1900, 21; hann hallast að hinum skýringarkostinum. Saxi verið á Forna Saxhóli en síðan flutt sig á syðra bæjarstæðið sem nefnst hafi Hraun hjá Saxhvoli.

⁴¹ Árni Thorlacius kallar Forna Saxhól "eyðihjáleigu" og svo gerir Kálund einnig. Í Jarðabók Árna og Páls segir frá Forna Saxhóli, m.a. að þar séu byggðarleifar og girðingar en ekki er getið hjáleigu á bæjarstæðinu. Árið 1817 kannast séra Jón Ásgeirsson við að hér séu "fornmannabyggingar", sbr. Frásagnir um fornaldarleifar, 332. Vant er að sjá hvar hjáleiga hefur staðið.

⁴² Sjá Árbók Ferðafélags Íslands 1982, 120.

⁴³ Ísl. fornbrs. II, 115 ("of alla Berjavík og Öndveru nesi"), 410-11.

⁴⁴ Ísl. fornbrs. IV, 174-5, sbr. III, 109, 226. Magnús Már, tilv. Rit, 102-3.

1563 skyldu Saxhóll og Öndverðarnes heyra undir prest á Ingjaldshóli en Hólar, Garðar, Beruvík og Dritvík skyldu hverfa undir nýja sóknarkirkju í Einarslóni.⁴⁵ Vera má að þessar ráðstafanir hafi verið gerðar vegna fjölmennis í Dritvík. Samkvæmt Gíslamáldögum 1570 á kirkjan á Saxhóli enn 20 hundruð í heimalandi og er ekki sýnt að hún hafi verið lögð niður strax. Um það mætti kannski fræðast nánar í vísitásum biskupa. Hins vegar hafði bænhús í Öndverðarnesi þá verið lagt af.⁴⁶

Líklega ber að skilja kirknaskrá Páls biskups frá um 1200 svo að prestskyld kirkja hafi þá verið á Saxahvoli.⁴⁷ Hafi Saxahvoll á nyrðra bæjarstæðinu, Forni Saxhóll, verið höfuðbýlið í upphafi (landnámsbýlið), mætti etv. vænta að finna þar leifar kirkju: hún er vonandi ekki komin undir veg.

Sú ráðstöfun að friða aðeins annað bæjarstæðanna á Saxhóli/Saxahvoli er auðsæilega vanhugsuð, bæjarstæðin hlýtur að þurfa að skoða í samhengi.

Hér eru miklu víðar tóttir, fornar og nýrri. Könnun Bjarna F. Einarssonar sýnir vel hversu forvitnileg jörðin Saxhóll er að þessu leyti; auk þess sem fram er komið um bæjarhús og kirkju á syðra bæjarstæðinu, telur hann sig hafa fundið leifar garða, þurrabúða, fiskbyrgja og brunna og nær Forna Saxhóli miklar seljarústir á fögrum stað. Ennfremur fjárbyrgi og ból og náttuga. Þetta vekur til umhugsunar um það hvort ekki eigi að sýna þessu öllu sérstakan sóma og gera Saxhól að eins konar miðstöð fyrir könnunarferðir um svæðið þar sem reynt yrði að kynna forna búskaparhætti til lands og sjávar.

Hákonarhóll eða -haugur

Við þjóðveginn hjá Moðulæk dregur að sér athygli friðlýsingarstika og virðast minjar koma vel heim við lýsingu í friðlýsingarskránni. "Þúfnabarð á lágrí klettabrún".⁴⁸ Hér eiga að vera leifar af haugi Hákonar bónda á Gerðubergi sem Írar drápu, eftir því sem Brynjúlfur Jónsson frétti. Guðmundur Ólafsson telur þetta 'þúfnabarð' fornlegt og Bjarni F. Einarsson talar um að hér sé kuml, grafstaður heiðins manns, amk. ekki dys. Brynjúlfur talar um að þarna séu 'leifar' haugsins enda virðist eitthvað hafa verið átt við hann. Kannski er djarft að nefna þá hugmynd að hér sé kominn Kornahaugur sem nefndur er í Landnámu. Þórarinn korni var sonur Grímkels landnámsmanns, segir þar, "og liggur í Kornahaugi", Við þennan haug mun vera kenndur Þorgeir Kornasylgja, einn af mönnum Þórðar kakala á Sturlungaöld, sem rauf legstaðinn og tók þar beltissylgu Korna.⁴⁹ Brynjúlfur spurdist fyrir um hauginn en enginn gat bent á hann. Hins vegar má velta fyrir sér hvort vera kunní tengsl á milli nafnanna Hákon og Korni.

Íraminjar

Miklar 'Íraminjar' eru taldar vera á umræddu svæði og miklu víðar á Snæfellsnesi. Séra Ásgrímur Vigfússon skrifar 1818 um írsku dysjar skammt hjá mótum vegar niður að Hellnum og segir frá tóttum hjá þjóðleið við Grafarós í Breiðuvík, á litlum hól, rétt við ósinn og kallar "írskan kaupstað".⁵⁰ Írsku tóftir segir séra Hannes Jónsson árið 1839 séu hjá Grafarósi, taldar búðir kaupmanna.⁵¹ Enda segja Eggert og Bjarni að unnt hafi verið áður fyrr að leggja hafskipum í ósinn (gr. 410, 542). Kálund segir að hér hafi enn verið vísað á tvær "írskir" tomter' um 1873⁵² en ekki er að sjá að Brynjúlfur Jónsson hafi sinnt þessu. Írsku tóftir eru ennfremur merktar á korti hjá Arnarstapa (1:100.000) og svo eru Írskrabbunnur. Írsku búðir og Íraklettur hjá Gufuskálum. Eggert og Bjarni segja frá tóttum sem nefndust Írsku búðir, yst á nesinu (gr. 426), séra Jón Ásgeirsson talar 1817 um Írsku búðir "fyrir sunnan Rauðhól hvar menn hafa fundið leirkrús og mjög digra tóbakspípuleggi; er þó sögn að þessar leifar séu eftir írsku kaupmenn ...".⁵³ Þeir eru líklega að tala um hið sama, tóttirnar sem kenndar eru við Gerðuberg og standa hjá Moðulæk Eggert og Bjarni undrast að ekki finnist jökulár í nálægð Snæfellsjökuls, benda á þurran farveg, Móður, þar sem menn telji að móða ein falli neðanjarðar og vísa til sagna um að einu sinni hafi hún fallið ofanjarðar og verið skipgeng að Gerðubergi og þar hafi verið kaupstaður. Tóttirnar séu ummerki hans. Jónas Hallgrímsson víkur að sömu

⁴⁵ Stiftunarbréf Páls Stígssonar, Ísl. fornbrs. XIV, 152-5.

⁴⁶ Ísl. fornbrs. XV, 605,612.

⁴⁷ Sveinbjörn Rafnsson, *Páll Jónsson Skáboltsbiskup* (Ritsafn Sagnfærðistofnunar 33, 1993), 108-11.

⁴⁸ Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar, 26 (Gufuskálar).

⁴⁹ Ísl. fornrit I, 110.

⁵⁰ Frásögur um fornaldarleifar, 321, 325, 317.

⁵¹ Sýslu- og sóknarlýsingar, 113-14.

⁵² Historisk – topografisk Beskrivelse I, 414.

⁵³ Frásögur um fornaldarleifar, 333.

sögn og nefnir Írsku búðir og sömuleiðis Kálund.⁵⁴ Tóttirnar hjá Gerðubergi eru líklega frá miðöldum og hugmyndin um að þær tengist Írum kann að vera gömul.

Margt í þessum Írasögnum virðist tortryggilegt; hins vegar er ekki rétt að hafna öllu sem um þá segir, fyrirvaralaust. Vera má að Íslendingar hafi nefnt Íra þá enska menn sem komu frá Bristol enda komu þeir oft við í Gallway á Írlandi í Íslandssiglingum sínum og Írar hafa væntanlega slegist í för. Aðalatriði er að Bristolmenn frá vesturströndinni hljóta að hafa verið í ýmsu ólíkir öðrum Englendingum sem komu allir frá Austur-Englandi, bæði í háttum og etv. einnig í tali. Bristolmenn og Írar kunna að hafa myndað einn hóp í augum Íslendinga. Kaupmenn frá Bristol munu hafa verið með öllu hættir ferðum til Íslands um 1530. Væri forvitnilegt að sjá hvað menn töldu vera búðir Íra og hvað t.d. búðir Þjóðverja, hvort þar megi greina einhvern mun. Fram er komið að Englendingar höfðu einhverskonar aðalbækistöð í Beruvík á 17. öld. Hvað segja heimildir, eru þeim eignaðar einhverjar búðir þar og hvernig eru þær og aðrar í samanburði við hinar sem menn kalla búðir Íra?

Reykjavík 27. júní 1997

Helgi Þorláksson

⁵⁴ Jóna Hallgrímsson, Bréf og dagbækur. (Ritverk Jónasar Hallgrímssonar. II, 1989), 425, 424-5 (nefnir Gufuskálamóðu, sbr. og Sýslu- og sóknarlýsingar).

4 Verndargildi

Verndargildi svæðisins felst einkum í þéttum og fjölbreyttum gosmyndunum og minjum um búsetu þjóðarinnar. Minjar þessar eru annars vegar tengdar búsetu og hins vegar sjósókn.

Nokkrir minjastaðir:

Saxból og forni Saxból. Meðfram þjóðvegi á þessu svæði er fjöldi fornminja allt frá landnámsöld.

Dritvík og Djúpalónssandur. Í Dritvík er allmikil hellishvelfing, Tröllakirkja, og merkar söguminjar. Steintökin Amlóði, Hálfdrættingur, Hálfsterkur og Fullsterkur eru landsfrægir.

Beruvík. Í Beruvík eru merkar minjar, þótt nokkuð hafi verið sléttað yfir rústir við Garða.

Írskubúðir. Mikilvægi svæðisins felst m.a. í því að öll hús virðast vera varðveitt. Talið er að bærinn sé frá 10. öld.

Gufuskálar. Þar eru yfir 200 rústir og mikilsvert er að svæðið verði kannað nánar.

Ekki hafa verið teknar saman sagnir eða samantekt um sögustaði og ekki hefur verið leitað eftir úttekt á dulrænum þáttum.

5 Heimildir

Bjarni F. Einarsson, 1996: Fornleifaskrá fyrirhugaðs þjóðgarðs á utanverðu Snæfellsnesi. Bráðabirgðaskrá. Reykjavík, Þjóðminjasafn, fornleifaskráning.

Helgi Þorláksson, 1997: Þjóðgarður undir Jökli. Um sögukafla fyrir verndaráætlun. Handrit. Unnið fyrir undirbúningsnefnd fyrir þjóðgarð á utanverðu Snæfellsnesi.

Jónas Hallgrímsson, 1989. *Ritverk. II bindi*. Reykjavík, Svart á hvítu, 482 bls.